

Tillaga til þingsályktunar

um skattafslátt vegna kostnaðar við ferðir til og frá vinnu.

Flm.: Sigurður Ingi Jóhannsson, Höskuldur Þórhallsson, Ásmundur Einar Daðason,
Eygló Harðardóttir, Lilja Mósésdóttir.

Alþingi ályktar að fela fjármála- og efnahagsráðherra að undirbúa og leggja fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum, sem feli í sér heimild ráðherra til að útfæra og setja reglur um að þeim skattskyldu mönnum sem greiða þurfa háan kostnað vegna ferða til og frá vinnu innan tiltekinna og skilgreindra atvinnusvæða innan lands verði veittur afsláttur af tekjuskatti. Í framhaldinu útfæri ráðherra og setji slíkar reglur.

Greinargerð.

Tillaga þessi var áður lögð fram á 140. löggjafarþingi (639. mál). Hún er nú endurflutt að nokkru breytt.

Síðustu ár og áratugi hafa þéttbýliskjarnar stækkað auk þess sem samgöngur hafa víða batnað. Samhliða því hafa miklar breytingar orðið á þróun byggða- og atvinnusvæða. Fólk, jafnt í skilgreindu þéttbýli sem í dreifbýli, hefur í síauknum mæli leitað í störf í nágrenna- bæjar- og sveitarfélögum þannig að skilgreiningar og hugmyndir um atvinnusvæði hafa verið að breytast. Þessi þróun hefur leitt af sér sífellt stækkandi atvinnusvæði og lengri akstur og ferðir vegna vinnu. Það er yfirlýst stefna ríkisstjórnarinnar að stækka og styrkja atvinnusvæði í öllum landshlutum og styrkja þannig meginþéttbýliskjarna hvers svæðis. Þetta samræmist hinni svokölluðu 20/20 sóknaráætlun ríkisstjórnarinnar sem er áætlun til eflingar atvinnulífs og lífsgæða til framtíðar.

Þessi þróun er jákvæð og styrkir byggðir landsins en stækkandi atvinnusvæðum og ferðum fólks langar leiðir í og úr vinnu fylgja einnig vandamál. Eldsneytisverð hefur aldrei verið hærra en nú og sér ekki fyrir endann á hækkunum á því. Nauðsynlegt er að unnið sé að því að auka vægi almenningsgangna á hverju atvinnusvæði fyrir sig en þar er víða pottur brotinn. Það er ljóst að á sumum atvinnusvæðum er engum almenningsgangum til að dreifa og yfir langan veg að fara í og úr vinnu. Það er því tillaga flutningsmanna að ráðherra verði falið að undirbúa og leggja fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á tekjuskattslögum sem feli í sér heimild ráðherra til að setja reglur um að þeim skattskyldu mönnum sem greiða þurfa háan kostnað vegna ferða til og frá vinnu innan tiltekinna og skilgreindra atvinnusvæða verði veittur afsláttur af tekjuskatti. Fáir frumvarpið lagagildi útfæri ráðherrann og setji slíkar reglur. Þessi leið er vel þekkt í þeim löndum sem við berum okkur helst saman við og hér á eftir eru rakin dæmi um útfærslu á ívildunarkerfi af þessu tagi í Danmörku, Svíþjóð og Noregi.

Danmörk: Samkvæmt dönskum skattareglum geta launþegar fengið sérstakan skattafslátt ef ákveðin skilyrði eru til staðar.¹ Ef vinnustaður launþega er í meira en 12 km fjarlægð frá heimili hans (samanlagt ekið meira en 24 km í og úr vinnu á hverjum vinnudegi) á hann rétt á skattafslætti vegna aksturs í og úr vinnu. Launþegar á jaðarsvæðum fá 2,1 danska krónu (DKR) í skattafslátt fyrir hvern kílómetra sem ekið er umfram 24 km á hverjum vinnudegi. Taxtinn er sá sami fyrir hvern kílómetra umfram 120 km. Á heimasíðu ríkisskattstjóra í Danmörku má sjá hvaða svæði eru skilgreind sem jaðarsvæði, en mörg þeirra eru í útjaðri Danmerkur.² Jaðarsvæðin eru skilgreind út frá ákveðnum þáttum, t.d. lágum tekjum, þar sem tekjur á hvern íbúa fara ekki yfir 90% af landsmeðaltali en einnig er litið á íbúapróun við mat á jaðarsvæðum.

Svíþjóð: Þar er veittur skattafsláttur samkvæmt eftirfarandi skilyrðum:³ Minnst 5 km þurfa að vera milli heimilis og vinnustaðar. Launþegi þarf að spara samanlagt tvær klukkustundir í ferðatíma við að nota bíl fremur en opinber samgöngutæki (strætisvagn, lest o.þ.h.). Ef farið er á bíl minnst 60 daga á ári og 300 mílur eknar í tengslum við starf er einungis veittur afsláttur fyrir þá daga sem ekið er í tengslum við starfið. Ef ekið er minnst 160 daga á ári og minnst 300 mílur í tengslum við starf er afslátturinn veittur fyrir fjölda daga sem ekið hefur verið í og úr vinnu. Skattafsláttur er einungis veittur fyrir útgjöld umfram 10.000 sænskar krónur (SEK). Ef almenningsamgöngur eru ekki mögulegar í minnst 2 km á leiðinni milli heimilis og vinnu er veittur skattafsláttur fyrir alla leiðina í bíl. Taxtinn er 18,50 SEK fyrir hverja mílu sem ekin er. Í slíkum tilvikum er skattafslátturinn einungis gefinn fyrir upphæð umfram 10.000 SEK.⁴

Noregur: Í Noregi er svipað fyrirkomulag og í Danmörku og Svíþjóð þegar kemur að skattafslætti vegna aksturs í og úr vinnu (fradrag for arbeidsreiser mellom hjem og fast arbeidssted).⁵ Greitt er fyrir unna vinnudaga (veikindadagar og annað slíkt kemur til frádráttar). Taxtinn fyrir árið 2011 er 0,7 norskar krónur (NKR) fyrir hvern kílómetra að frá-dregnum neðri mörkum, 13.950 NKR (taxti fyrir árið 2012 samkvæmt Skatt Midt-Norge). Dæmið gæti því litið svona út hjá einstaklingi sem ekur 25 km hvora leið í eitt ár (230 vinnudagar): $25 \times 2 \times 1,5 \times 230 = 13.950$ NKR í skattafslátt á ári. Launþegar búsettir í Noregi sem sækja vinnu í öðru landi eiga rétt á afslætti vegna aukaútgjalda, þ.e. vegna matar, húsnæðis og heimsóknarferða (pendlerkostnader). Lögheimili skal vera skráð í Noregi og launþegar greiða skatt til viðkomandi sveitar- eða bæjarfélags.⁶ Einnig þarf hann að þiggja laun samkvæmt launasamningi. Gerðar eru kröfur um fjölda ferða milli vinnustaðar og heimilis. Kröfurnar eru ólíkar eftir því hvort viðkomandi er einstaklingur eða fjölskyldumaður.⁷

¹ www.skat.dk: <http://www.skat.dk/SKAT.aspx?oId=79751&vId=0>

² www.skat.dk: http://www.skm.dk/tal_statistik/skatter_og Afgifter/4740.html?newwindow=true

³ <http://www.skatteverket.se/privat/svarpavanligafragor/avdrag/privatarbetsresorfaq/jagkorbiltillmittarbe-tevirketavdragkanjagfa.5.10010ec103545f243e80001517.html>

⁴ <http://www.skatteverket.se/privat/svarpavanligafragor/avdrag/privatarbetsresorfaq/detfinnsingabussard-arjagborvilkenavdragsrattharjagforarbetsresor.5.10010ec103545f243e80001532.html>

⁵ <http://www.skatteetaten.no/no/Brosjyrer-og-boker/Fradrag-for-arbeidsreiser---reiser-mellom-hjem-og-fast-arbeidssted/?chapter=57373#kapitteltekst>

⁶ <http://www.skatteetaten.no/no/Brosjyrer-og-boker/Pendlere-bosted-skatteforhold/?chapter=9659#kapit teltekst>

⁷ <http://www.skatteetaten.no/no/Brosjyrer-og-boker/Pendlere-bosted-skatteforhold/?chapter=9660#kapit teltekst>